Ed. **1284. Tillaga til þingsályktunar** [533. mál]

um breytta nýtingu útvarpshúss.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því hvernig hagfelldast sé að nýta þann hluta hins nýja útvarpshúss við Hvassaleiti sem ætlaður hefur verið sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins. Skal athuguninni hraðað svo sem kostur er. Gengið er út frá því að starfsemi sjónvarps verði áfram í núverandi húsakynnum við Laugaveg.

Greinargerð.

Gert er ráð fyrir að bæði hljóðvarps- og sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins verði til húsa í nýbyggingu Ríkisútvarpsins sem nú er að rísa við Hvassaleiti í Reykjavík. Hljóðvarpið hefur búið við afar þröngan húsakost í leiguhúsnæði um langt skeið. Hluti hins nýja stórhýsis nægir fyrir útvarpið, og er þá vel fyrir öllum húsnæðisþörfum séð.

Upphaflega var nýbyggingin ætluð hljóðvarpinu einu og kom það seinna til að ætla sjónvarpinu þar rými líka.

Sjónvarpið er hins vegar ágætlega sett í eigin húsnæði þar sem nokkrir stækkunarmöguleikar eru fyrir hendi. Ætlunin er að selja fasteign Ríkisútvarpsins að Laugavegi 176 og á andvirðið að ganga upp í kostnað við nýja húsið. Síðan á að flytja starfsemina í nýbygginguna við Hvassaleiti. Þetta telja flm. þessarar tillögu afar óskynsamlega ráðstöfun þar sem kostnaðurinn við að flytja sjónvarpsstarfsemina mun éta upp allverulegan hluta þess sem fæst fyrir húsið að Laugavegi 176. Þess vegna sé eðlilegt að kanna til hlítar hve mikið megi spara af opinberu fé með því að láta sjónvarpið vera kyrrt á sama stað og nýta þann hluta Hvassaleitishússins, sem því hefur verið ætlaður, með öðrum hætti. Þannig mætti spara stórfé og ná fram meiri hagkvæmni í rekstri þessarar ríkisstofnunar.